

47. fundur

24. júní 2015

1001008SA BÓH

Málalykill: 524

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

47. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 24. júní 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 9:00.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir af hálfu KÍ og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

- 1. Mótmæli 27 kennara í grunnskóla við því sem sagt er einhliða ákvörðun skólastjóra um viðverutíma kennara skólaárið 2015 – 2016.**

Niðurstaða:

Málið rætt. Samstarfsnefnd felur Bjarna Ómari að kalla eftir greinargerð frá kennurum og óska þannig eftir frekari skýringum á framkominni óánægju. Þá verður einnig kallað eftir viðbrögðum og skýringum skólastjórnenda. Mikilvægt er að fá svör við því hvort samráðsferlið um viðveru var framkvæmt eins og því er lýst í kjarasamningi aðila frá 20. maí 2014 og hvort samráðið byggðist á leiðarvísni verkefnisstjórnar um vinnumat.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:18